

Nd.

505. Frumvarp til laga

um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

1. gr.

Heilbrigðisnefnd skal vera í hverjum kaupstað, svo og í hverju kauptúni með yfir 500 íbúum. Á öðrum stöðum, hvort sem er í kauptúni eða sveit, skal vera heilbrigðisnefnd, ef hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður, eða ef ráðherra mælir svo fyrir.

Umdæmi heilbrigðisnefndar skal aldrei vera meira en eitt sveitarfélag.

2. gr.

Í kaupstöðum er heilbrigðisnefnd skipuð 3 eða 5 mönnum. Lögreglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er lögreglustjóri formaður hennar. Aðrir nefndarmenn eru kosnir af bæjarstjórn, og skal að minnsta kosti einn þeirra eiga sæti í bæjarstjórninni (í Reykjavík í bæjarráði).

Ef heilbrigðisnefnd í kaupstað er skipuð 5 mönnum, skal einn nefndarmanna vera verkfræðingur í þjónustu kaupstaðarins, sérfróður um heilbrigðitækni, ef völ er á slíkum manni.

Útan kaupstaða er heilbrigðisnefnd skipuð 3 mönnum, og á sama hátt og í kaupstöðum, nema hreppstjóri kemur í stað lögreglustjóra, ef hann er ekki búsettur í umdæmi nefndarinnar, og ef eins er ástatt um héraðslækni, skipar hreppsnefnd nefndarmann í hans stað eftir tillögum hans.

Þar, sem héraðslæknir á ekki sæti í heilbrigðisnefnd, er honum engu síður heimilt að sitja fundi nefndarinnar, og hefir hann þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Skal tilkynna héraðslækni í tækan tíma stund, stað og dagskrá hvers nefndarfundar. Sama gildir um fund í bæjar- eða sveitarstjórnnum, þegar til umræðu eru mál varðandi heilbrigðissamþykkt eða önnur heilbrigðismál.

3. gr.

Heilbrigðisnefndir beita sér fyrir því, að settar séu heilbrigðissamþykktir fyrir umdæmi þeirra og að þær séu endurskoðaðar svo oft sem ástæða er til.

Í heilbrigðissamþykkt skulu vera almenn ákvæði um:

- 1) til hvers umdæmis samþykktin nái, og ef ekki er ætlað til, að öllum ákvæðum samþykktarinnar sé beitt alstaðar í umdæminu, hver hluti umdæmisins sé undanskilinn og hverjum ákvæðum,
- 2) skipun, valdsvið og starfstilhögun heilbrigðisnefndar,
- 3) hreinlæti og þrifnað á lóðum og lendum, svo sem á götum, torgum, opnum eða umgirtum svæðum, fjörum, hafnarbökkum, túnum, gördum og lóðum kringum hús, hvort sem eru opinber eign eða einstakra manna. Síðan skal ákveða, hverjar heilbrigðisreglur skuli gilda um
- 4) vatn og frárennsli,
- 5) sorphirðing, salerni og þess háttar,
- 6) húsakynni fólks, hvort sem eru til íbúðar eða atvinnurekstrar, enda sé gætt samræmis við byggingarsamþykkt, ef fyrir er,
- 7) gripahús, svo og meðferð og gæzlu húsdýra, þar með taldir hundar (sbr. lög nr. 18 22. maí 1890 og lög nr. 8 4. júní 1924),
- 8) vinnustöðvar úti og inni (sbr. lög nr. 24 7. maí 1928 og reglugerðir samkvæmt þeim lögum), og mega heyra hér undir útgerðar-, fiski- og síldarverkunarstöðvar, skipaafgreiðslustöðvar, hverskonar verksmiðjur, verbúðir og verkamannaskýli vinnustofur iðnaðarmanna, skrifstofur og afgreiðslustofur, verzlunarbúðir o. s. frv.,

- 9) skóla og kennslustaði í samræmi við gildandi reglur um lækniseftirlit með skólum og kennslustöðum,
- 10) kirkjur og hverskonar almenn samkomuhús,
- 11) eftirlit með matvælum og öðrum neyzluvörum (sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936, reglugerð nr. 17 22. febr. 1939 og aðrar reglugerðir samkvæmt þeim lögum). Hér undir heyra meðal annars mjólkurstöðvar, mjólkursölustaðir, brauðgerðarhús, fisksala, sláturhús, kjötbúðir o. s. frv. Skal sérstaklega kveðið á um verksvið heilbrigðisnefndar til fullnægingar ákvæðum nefndra laga og reglugerða.
Þá skal kveðið á um
- 12) verksvið heilbrigðisnefndar að því leyti sem henni ber að aðstoða yfirvöld við sóttvarnir (sbr. lög nr. 66 19. júní 1933 og reglugerðir samkvæmt þeim lögum). Í heilbrigðissamþykkt má ennfremur ákveða, hverjar heilbrigðisreglur skuli gilda um
- 13) almenn gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði (sbr. lög nr. 21 15. júní 1926),
- 14) almenn baðhús, þvottahús, rakarastofur, hárgreiðslustofur og hverskonar snyrtingarstofur,
- 15) íþróttastöðvar, íþróttahús, sundhús, sundlaugar og þess háttar,
- 16) kirkjugarða (sbr. lög nr. 64 23. júní 1932) og bálstofur (sbr. lög nr. 41 3. nóv. 1915),
- 17) sjúkrahús, barnahæli, elliheimili og tilsvaramandi heilbrigðisstofnanir (sbr. lög nr. 30 19. júní 1933) og lækningastofur,
- 18) báta og skip, sem gerð eru út frá umdæmi því, er samþykktin nær til (sbr. lög nr. 58 14. júní 1929), hvort heldur er til veiða, vöruflutninga eða fólksflutninga, svo og bifreiða (sbr. lög nr. 70 8. sept. 1931) og tilsvaramandi flutningatæki.
Ef heilbrigðisfulltrúi er ráðinn (sbr. 6. gr.), skal í heilbrigðissamþykkt setja
- 19) starfsreglur fyrir heilbrigðisfulltrúa.
Heilbrigðissamþykkt skal ljúka með því að greina
- 20) viðurlög við brotum gegn samþykktinni (sbr. 8. gr.).
Nú þykir ástæða til að kveða á um atriði í heilbrigðissamþykkt, er eigi verður heimfært undir neinn tölulíð þessarar greinar, og skal þá engu síður heimilt að taka ákvæðið upp í samþykktina, ef það er sambærilegt við þau ákvæði, sem hér eru fyrirskipuð eða heimiluð.
Ákvæði heilbrigðissamþykktar skulu ætíð vera í sem fyllstu samræmi við ákvæði í sérstökum lögum eða reglugerðum um sama efni, og aldrei vægari en þau.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd semur með aðstoð héraðslæknis og lögreglustjóra frumvarp að heilbrigðissamþykkt eða frumvarp til breytinga á heilbrigðissamþykkt, ef um það er að ræða, og leggur fyrir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Þegar bæjarstjórn (hreppsnefnd) hefir samþykkt frumvarpið, afgreiðir hún það til ráðherra, er staðfestir það eða synjar því staðfestingar eftir tillögum landlæknis. Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og endursendir þá ráðherra frumvarpið til bæjarstjórnar (hreppsnefndar) með leiðbeiningum um, hverjar breytingar þurfi að gera á frumvarpinu til þess að það geti öðlazi staðfestingu.

Staðfestar heilbrigðissamþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

5. gr.

Heilbrigðisnefndir skulu sjá um, að framfylgt sé ákvæðum heilbrigðissamþykktar, svo og ákvæðum í sérstökum lögum, sem heilbrigðisnefndum er falið að annast um framkvæmdir á.

Fyrirskipanir sínar og áminningar varðandi framkvæmd heilbrigðissamþykktar birtir heilbrigðisnefnd á þann hátt, sem títt er að birta opinberar auglýsingar á þeim stað, sem í hlut á.

6. gr.

Í hverjum kaupstað skal bæjarstjórn ráða heilbrigðisfulltrúa að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar, héraðslæknis og lögreglustjóra, og tekur hann laun úr bæjar-sjóði. Heilbrigðisfulltrúinn annast, undir eftirliti héraðslæknis, alla daglega eftirlitsstarfsemi fyrir hönd heilbrigðisnefndar, og hefir til þess ákveðinn starfstíma daglega, eftir nánari fyrirmælum í erindisbréfi.

Után kaupstaða getur hreppsnefnd og ráðið heilbrigðisfulltrúa, ef heilbrigðisnefnd telur það æskilegt. Að öðrum kosti annast þar héraðslæknar (eða fulltrúar þeirra í heilbrigðisnefnd, sbr. 2. gr.) eftirlitsstarfsemina með aðstoð annara nefndarmanna.

7. gr.

Bæjarstjórn (hreppsnefnd) skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hverskonar ráðstafanir eða framkvæmdir, er varða heilbrigðismál á einn eða annan hátt.

8. gr.

Fyrir brot gegn staðfestri heilbrigðissamþykkt eða vanrækslu á að hlýða í tækan tíma fyrirskipunum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni má í henni ákveða sektir, allt að 1000 krónum, er renni í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð.

Ef nokkur vanrækir að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefir fyrirskipað samkvæmt heilbrigðissamþykkt, er nefndinni og heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað hins vinnuskylda. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjar- eða sveitarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda, ef þörf gerist, með lögtaki.

9. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn heilbrigðissamþykktum, skal farið sem almenn lögglumál.

10. gr.

Jafnframt því, sem lög þessi öðlast gildi, falla úr gildi lög nr. 64 10. nóv. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög.